

Alþingi
Erindi nr. P 133/569
komudagur 4.12.2006

Dagsetning: 04/12/2006



Símbréf

Fax nr. 5630430

Frá: Sigurði Þórðarsyni

Til: b.t. Sigurðar Kára Kristjánssonar

Bls. 1+6

4. Dec. 2006 15:03

MENNTAMALARADUNEYTIÐ

No. 0064 P. 2



MENNTAMALARÁÐUNEYTIÐ

Sélvúðvegur 4 150 Reykjavík
Sími: 545 9300 Væðingarnúmer: 362 3068
netfang: postur@mnrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyfi.is

Ríkisútlit
Páll Magnússon, útlitstjóri
Efstaleiti 1
150 Reykjavík

Reykjavík 17. nóvember 2006
Tílv.: MMR05030094/3.5-

Efni: Rekstrarætlun Ríkisútlitsins ohf. fyrir árin 2007 – 2016

Menntamálaráðuneytið hefur móttækið bréf yðar dags. 14. nóvember 2006 þar sem kynnt er rekstrarætlun Ríkisútlitsins ohf. fyrir tímabilið 2007 til 2016 í tengslum við stofnun félagsins. Í bréfinu er þess getið, að gengið sé út frá því að ef félagið fær ekki nýtt útsendingarábætti þá við Vatnsenda, sem það nýtir í dag, verði því tryggð sambærileg aðstaða annars staðar til framtíðar félaginu að kostnaðarlausu.

Ráðuneytið fellst á þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar rekstrarætluninni. Fyrir liggur að stjórn félagsins mun bregðast við breytingum sem varða rekstur og afkomu félagsins eftir því sem tilefni er til á því tímabili sem rekstrarætlunin nær til, en af hálfu ráðuneytisins er miðað við að afkoma félagsins verði að jafnaði jákvæð og félagið rekið með hóflegum arði.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur Arnason

Gísli P. Magnússon

**RÍKISENDURSKOÐUN**

Minnisblað

Til: Sigurðar Kára Kristjánssonar, form. menntamálanefndar Alþingis
Frá: Ríkisendurskoðun ✈
Dags: 1. des. 2006

Efni: Svör við spurningum vegna skýrslu matsnefndar um stofnefnahagsreikning Ríkisútvarpsins ohf.

Á fundi ríkisendurskoðanda með menntamálanefnd Alþingis þann 28. nóvember var kynnt skýrsla matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings RÚV ohf. Á fundinum var óskað eftir frekari upplýsingum um nokkur atriði og er leitast við að svara þeim hér að neðan.

Í fyrsta lagi var óskað var eftir afriti af bréfaskiptum menntamálaráðuneytisins og útvarpsstjóra vegna rekstraráætlunar RÚV fyrir tímabilið 2007 til 2016 og forsendum fyrir henni. Þessi bréf fylgja hér með í afriti.

Í öðru lagi var beðið um að útskýra samhengið á milli þjónustusamnings og rekstraráætlunar, einkum hvernig hægt er að auka dagskrárgerð um 400 m.kr. árin 2011 og 2012 á sama tíma og hagræða á um 200 m.kr.

Eins og fram kemur í drögum að þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og RÚV ohf. er gert ráð fyrir að auka dagskrárefni á samningstímanum. Hérna er fyrst og fremst átt við innlent dagskráefni, bæði eigin framleiðslu og aðkeypt efni. Er þannig mælt fyrir um það í samningnum að hlutfall íslensks efnis á kjörtíma aukist um tæp 50% á samningstímanum.

Heildardagskrárkostnaður RÚV nam tæpum 2,4 milljörðum kr. árið 2005, þar af var kostnaður við innlenda dagskrárdeild (IDD) sjónvarps 432 m.kr. en þjónustusamningurinn mun einkum hafa áhrif á kostnað hennar. Annar dagskrárkostnaður, bæði innlendur og erlendur, var um 2 milljarðar króna, þar af var kostnaður fréttasviðs 450 m.kr., Íþróttadeildar 158 m.kr., Rásar 1 var 203 m.kr., Rásar 2 var 84 m.kr. og landshlutaútvarpa 116 m.kr. Annar rekstrarkostnaður en vegna dagskrár nam 928 m.kr.

Það var skilningur matsnefndarinnar að það sé ætlun stjórnenda hins nýja félags að hagræða í öllum þáttum starfseminnar til að uppfylla megi ákvæði þjónustusamningsins um aukið innlent dagskrárefni. Eins og gefur að skilja mun þetta m.a. hafa í för með sér að minna rými verður fyrir erlent dagskráefni, einkum á kjörtíma. Nefndinni er hins vegar ekki kunnugt um að nákvæmlega hafi verið ákveðið með hvaða hætti slík breyting verður útfærð og hversu mikil skerðing mun verða á kaupum erlends dagskrárefnis.


RÍKISENDURSKOÐUN

Í þriðja og síðasta lagi var óskað var eftir sundurliðun á tekjum skv. rekstraráætlun. Skiping tekna er eins og sýnt er í neðangreindri töflu.

Ríkisútvarpið - rekstraráætlun

Fjárhæðir í m.kr. (á föstu verðlagi skv. neysluverðsvísitölu)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Rekstrartekjur							
Afnotagjöld	2.382	2.469	2.486	2.711	2.739	2.766	2.794
Auglýsingar og kostun	912	971	1.057	1.067	1.078	1.089	1.099
Aðrar tekjur	112	116	126	127	128	130	131
	3.406	3.555	3.668	3.906	3.945	3.984	4.024
	2011	2012	2013	2014	2015	2016	
Rekstrartekjur							
Afnotagjöld	2.822	2.850	2.878	2.907	2.936	2.965	
Auglýsingar og kostun	1.110	1.122	1.133	1.144	1.156	1.167	
Aðrar tekjur	132	134	135	136	138	139	
	4.064	4.105	4.146	4.187	4.229	4.271	

Athugasemd: Gert er ráð fyrir 1% raunaukningu tekna á ári vegna fólksfjölgunar.

Afrit: Bréf útvarpsstjóra til menntamálaráðuneytisins dags. 14. nóv. 2006
Bréf menntamálaráðuneytisins til RÚV dags. 17. nóv. 2006.

RÚV EFSTALETI 1, 150 REYKJAVÍK, KT. 540269-5729
SÍMI 515 3000 BRÉFASÍMI 515 3010
RÍKISÚTVARPIÐ

ÚTVARPSSTJÓRI

Ríkisendurskoðun
Hr. Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi
Skúlagata 57
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2006

Efni: Rekstraráætlun Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árin 2006 – 2016.

Hjálagt fylgir rekstraráætlun Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árin 2006 – 2016 vegna gerðar stofnefnahagsreiknings, á föstu verðlagi og rekstraráætlun um breytingar sem tengjast drögum að nýjum þjónustusamningi, biðlaunarétti og hagræðingu. Einnig er hjálagt forsendublað sem skýrir áætlaðar rekstrarbreytingar á tímabilinu.

Meðfylgjandi áætlun er rekstrarlegur grunnur hins nýja félags.

Virðingarfyllst,


Páll Magnússon

Til nefndar um stofnefnahagsreikning Ríkisútvarpsins.

Reykjavík 14. nóvember 2006

Að ósk nefndarinnar er meðfylgjandi rekstraráætlun fyrir Ríkisútvarpið fyrir árin 2004 til 2016, auk áætlaðs kostnaðar vegna þjónustusamnings, biðlauna og áætlaðrar hagræðingar.

Helstu forsendur að rekstraráætluninni eru:

1. Áætlunin er á föstu verðlagi frá og með árinu 2006 og byggir á áætlunartölum frá upphafi þessa árs. Tölur árána 2004 og 2005 eru úr rekstrarreikningi þeirra ára.
2. Afnotagiöld hækki um 8% 1. október 2006. Þá er gert ráð fyrir að fjölgun greiðenda afnotagjalda verði 1% á ári. Afskriftir afnotagjalda eru innreiknaðar.
3. Hækkun auglýsinga- og kostunartekna verði 1% á ári.
4. Aðrar tekjur hækki um 1% á ári.
5. Gert er ráð fyrir að launaliðir hækki um 0,8% árið 2007 og um 1,2% á ári eftir það.
6. Gert er ráð fyrir að afnotadeild verði lögð af árið 2008 en að innheimtukostnaður verði um 10 m.kr. á ári næstu tvö ár þar á eftir.
7. Framlag til Símfönljómsveitar Íslands verði fellt niður árið 2007.

Helstu forsendur varðandi drög að þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins eru eftirfarandi:

1. Út frá 2.gr. 6. mgr. er áætlað að kostnaður við textun aukist árlega um 4 m.kr.
2. Út frá 2.gr. 9. mgr. er áætlað að kostnaður við netmiðla og textavarp aukist árlega um 10 m.kr. vegna tveggja nýrra starfsmanna.
3. Út frá 3.gr. 1. mgr. er ákvæði um að auka verulega innlenda dagskrá á kjörtíma í Sjónvarpinu auk þess sem gert er ráð fyrir að auka nýsköpun í dagskrárgerð með samframleiðslu eða kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Þetta gerist í áföngum og verður að fullu komið til framkvæmda í lok ársins 2011. Gert er ráð fyrir að kostnaðaraukinn vegna þessa verði þá um 400 m.kr. á ári.
4. Út frá 3.gr. í undirkaflanum „Menningararfur“ 3. mgr. er ákvæði um yfirfærslu safnaefnis í aðgengilegt form til geymslu og til framtíðarnotkunar. Hér þarf bæði að koma til tækni- og skráningarvinna. Áætlað er að verkefnið taki fimm ár og heildarkostnaður verði um 135 m.kr.
5. Í 7. gr. er fjallað um starfskynningu framhalskólanema. Áætlað er fyrir launum eins starfsmanns til að sinna þessu verkefni um 5 m.kr. á ári.

Aðrar rekstrarforsendur.

Biðlaunaréttur

Heildarbiðlaunaréttur starfsmanna Ríkisútvarpsins er metinn á um 400 m.kr. Hér er gert ráð fyrir að útgjöld vegna þessa verði um 120 m.kr. á þriggja ára tímabili.

Hagræðing

Gert er ráð fyrir hagræðingu sem mun lækka árlegan rekstrarkostnað stigvaxandi á fjórum árum. Þannig að takmarkinu um 200 m.kr. lækkun á rekstrarkostnaði verði náð frá og með árinu 2011. Hér er gert ráð fyrir tæplega 6% hagræðingu á rekstrarkostnaði.

Rekstur dreifikerfis.

Þegar stafrænar sendingar Sjónvarpsins hefjast þarf að reka nýja stafræna dreifikerfið og gamla hliðræna kerfið samhliða um tíma. Af því leiðir að rekstrarkostnaður lækkar ekki fyrr en gamla kerfinu, eða hluta þess, verður lokað.

Í almenna fjölmiðlafrumvarpinu er fjallað um flutning dagskrár í fjarskiptakerfum og greiðslur fyrir þá þjónustu. Nál frumvarpið fram að ganga verður um viðbótarkostnað að ræða og kemur til viðbótar þeim rekstrarkostnaði sem Ríkisútvarpið þarf að bera við rekstur eigin dreifkerfis eða hluta í slíku kerfi.

Vegna ofangreinds er ekki unnt að lækka núverandi rekstrarkostnað í 10 ára áætluninni.

Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir stafrænum sendingum Útvarpsins þar sem enn ríkir óvissa um not og útfærslu þeirrar tækni. Verði af byggingu slíks dreifkerfis verður nauðsynlegt að reka stafrænt og hliðrænt kerfi um tíma.